




ÁSGARÐSSKÓLI

SKÓLI Í SKÝJUNUM

INNRA MATS SKÝRSLA

May 6, 2025

Skólastjórn

Efnisyfirlit

<u>Starfsáætlun um innra mat</u>	<u>3</u>
<u>Niðurstöður</u>	<u>4</u>
<u>Stjórnun og fagleg forysta</u>	<u>4</u>
<u>Nám og kennsla</u>	<u>5</u>
<u>Innra mat</u>	<u>5</u>
<u>Skólaprófíll</u>	<u>6</u>
<u>Umbótaáætlun</u>	<u>6</u>
<u>Samantekt</u>	<u>7</u>

Inngangur

Markmið skólans er að uppfylla öll viðmið 100% um gæðastarf í nýsköpunarskólum og íslenskum grunnskólum. Innra mati er ætlað að upplýsa hvernig gögn um innra mat gefa til kynna stöðu skólans gagnvart viðkomandi viðmiðum og vísbendingum um gæðastarf í Nýsköpunarskólum.

Farið var eftir innra mats áætlun og niðurstöður hvers þáttar kynntir kennurum, starfsfólki og skólaráði reglulega. Einnig á skólaþingum með foreldrum og nemendum.

Haustið 2023 gerði mennta- og barnamálaráðuneytið úttekt á Ásgarðsskóla sem Björgvin Ívar Guðbrandsson og Hanna Hjartardóttir sáu um. Úttektinni lauk í nóvember sama ár. Umbótum er nú formlega lokið. Ytra matið var yfirgripsmikið og á síðasta ári fór skólinn ítarlega í gegnum alla þræði skólastarfsins. [Skýrsla um ytra mat, nóvember 2023](#)

Starfsáætlun um innra mat

Samkvæmt starfsáætlun innra matsteymis var fyrirhugað að leggja einfaldlega áherslu á nokkra þætti þar sem á síðasta skólaári var farið í ítarlegt ytra mat af hálfu ráðuneytisins og þeim umbótum sem þar var óskað eftir er formlega lokið. Þeir þættir sem unnið var að byggja á umbótaáætlun sem unnin var á yfirstandandi skólaári 2024-5 enda öllum umbótum lokið vorið 2024.

☰ Umbótaáætlun innra mat - Ásgarðsskóli

Skólastjórn hélt utan um starfsáætlun innra matsteymis og tók hana til umfjöllunar með kennurum á kennarafundum og skólaráðsfundum. Allir þættir stóðust og gott skipulag ríkti um innra mat. Búið er að setja innra mat inn á fundaaætlun starfsfólks og skólaráðs fyrir næsta ár.

Samkvæmt langtímaáætlun var lögð áhersla á að skoða sýn og stefnu skólans og einkunnarorðin uppfærð. Árangur náms og gæði kennslu ásamt skipulagi og framkvæmd innra mats. Að þessu sinni voru ekki mjög margir þættir undir enda fór fram afar ítarleg úttekt á síðasta ári og öllum umbótum lokið. Allir hefðbundnir þættir voru á dagskrá, reglulegar örkannanir meðal nemenda, tvær foreldrakannanir, fagleg forystukönnun og viðtöl, nemendaþing og skólaþing svo eitthvað sé nefnt. Reglulegt innlit í kennslustundir og fagleg ígrundun á kennsluáætlunum og framsetningu náms.

☰ Starfsáætlun innra mats 2024-2025 A Mjög gott verlag ▾

Niðurstöður

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **BLÁTT** Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
- **GRÆNT** Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- **GULUR** Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag sem uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta.
- **BLEIKUR** Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið skólans um gæðastarf.

Matsteymi Ásgarðsskóla er um leið skólaráð og er skipað skólastjóra, einum kennara skólans, einum starfsmanni, einum fulltrúa nærsamfélags, tveimur fulltrúum foreldra og tveimur fulltrúum nemenda. Skólastjórn skiptir með sér sjálfum verkefnunum samkvæmt starfsáætlun.

Innra mat er kjarni umbótastarfs í Ásgarðsskóla. Skólastarfið er skipulagt af öflugum teymi kennara og stjórnenda sem byggja stefnu sína og ákvarðanir á rannsóknum og gæðaviðmiðum. Starfsfólk hefur þannig fengið vandaða fræðslu sem byggir á rannsóknum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa, námið er gott, vel skipulagt og stenst fjölbreyttar gæðakröfur.

Stjórnun og fagleg forysta

✚ Skóli í skýjunum - Gæðaviðmið

Helstu viðfangsefni voru að halda áætlanagerð og einblína á að bæta ferla jafnóðum. Nánast allar áætlanir voru endurskoðaðar á árinu eða nýjar gerðar sem var mikilvægur þáttur í gæðamatinu. Áætlanir sem voru endurskoðaðar á árinu voru Sýn og stefna skólans, starfsþróunaráætlun, jafnréttisáætlun, forvarnaráætlun, áætlanir um velferð (ofbeldi, forvarnir og velferð), starfsmannahandbók og móttaka nýrra starfsmanna.

Mikilvægur liður í að viðhalda góðri stjórnun og faglegri forystu er mat á starfsáætluninni sem gerð er að hausi. Flestir eða allir liðir komu vel út þegar mat á starfsáætlun skólaársins var metin eins og sjá má [hér](#). Í byrjun árs 2025 lét skólastjórinn af störfum og gera þurfti nokkrar skipulagsbreytingar og stólaskipti voru gerð. Starfsáætlunin í heild sinni gekk eftir að flestu leyti og starfsemin var í samræmi við það sem lagt var upp með. Heildarmat á starfsáætluninni er því: **A Mjög gott verklag**

☰ Mat á Starfsáætlun Ásgarðsskóla skólaárið 2024-2025

Í ár voru gæðaviðmiðin uppfærð í nýtt skjal þar sem hægt er að fylgjast með gæðaviðmiðunum í rauntíma og uppfærslu á þeim.

Það voru fimm þættir sem enn má bæta en það eru samstarfsáætlanir við menningarstofnanir, fyrirtæki og skóla. Það fer áfram í umbótaferli fyrir næsta ár. Einnig má skerpa á orðalagi í skólanámskrá um þrepaskiptan stuðning í samræmi við reglugerð. Staðan hefur þó batnað frá fyrra ári þar sem þrír þættir fengu C, af 125 viðmiðum sem fengu A. Heildarniðurstaðan er því A - eða mjög gott verklag.

A Mjög gott verklag

Nám og kennsla

Skóli í skýjunum - Gæðaviðmið

Meiri virkni náðist hjá nemendum í vetur. Mesti munurinn náðist með því að skylda öll til þess að vera alltaf í mynd á skjánum. Ef nemendur eru ekki í mynd eru þeir í beinum samskiptum við nemendur í öðrum rýmum sem eru aðskilin kennslurými.

Aðrar breytingar sem gerðar voru og eru til bóta er að nemendum gefst kostur á að stunda valgreinar í meira mæli í nærumhverfi sínu og eru hvattir til þess. Kennslustjóri samþykkir og er í samskiptum eins og nauðsynlegt er um ástundun í íþróttum, listgreinum eða öðru formlegu tómstundastarfi.

Námsmatsstefna skólans er orðin enn betri og nemendur, kennarar og foreldrar vinna saman að kerfisbundinni skráningu á framförum nemenda á vitnisburðarblöðum út frá matskvörðum skólans. Ítarleg skráning á framförum, bæði félagslegum og námslegum, fer fram í samskiptadagbók. Eingöngu er verið að slípa örfá smáatriði eins og ítarlegri skráningu á stoðþjónustu inni í samskiptadagbókum.

Umbætur í stærðfræðikennslu hafa einnig staðið yfir í vetur og verið er að prufukeyra endurskoðaða starfshætti í stærðfræðikennslu sem áætlanir næsta árs munu byggja á.

Reglur um innritun og útskrift eru í farvegi hjá mennta- og barnamálaráðuneyti og munu liggja fyrir áður en skólastarf hefst í haust en þá þarf að endurskoða nokkra þætti og bæta endurskoðuðum reglum á heimasíðu skólans

A Mjög gott verlag ▾

Innra mat

Skóli í skýjunum - Gæðaviðmið

Helstu viðfangsefni innra mats voru í raun einföld, fylgja eftir starfsáætlun um innra mat og láta ekki fundi detta niður. Það gekk eftir. Kannanir voru reglulegar og samkvæmt áætlun. Skóla- og nemendaping voru haldin á hausti og vori. Brugðist var við þeim þáttum sem þar komu fram og kippt í liðinn eða sett á dagskrá. Nemendur óskuðu til dæmis eftir samfelldum skóladegi sem byrjar og endar á sama tíma alla daga næsta ár. Þeir óskuðu einnig eftir áherslum í námi og námsmati sem búið er að bregðast við í námsvísum og námsmatsstefnu. Minni háttar breytingar.

Allir þættir voru teknir fyrir í skólastjórn og á kennarafundum - auk þess sem niðurstöður allra kannana hafa verið ræddar í skólaráði. Innra matsskýrslan verður kynnt á fundi skólaráðs í júní. Við erum stolt af okkar kerfisbundna innra mati og samstarfi við nemendur, kennara og foreldra.

 Starfsáætlun innra mats

A Mjög gott verlag ▾

Skólaprófill



Ásgarðsskóli - Skóli í skýjunum

Stjórnun og fagleg forysta	Nám og kennsla	Innra mat	Nýsköpunarviðmið
Samvirkni í stefnumótun	Inntak og námskrá	Skipulag	Stjórnun
Faglegt samstarf og samræða	Árangur náms	Framkvæmd	Nám og kennsla
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Gæði kennslu	Umbætur	
Umbætur og innleiðing breytinga	Skipulag náms		
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Námsvitund		
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Ábyrgð og þátttaka		
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks			

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- C Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.
- Ekki í vinnslu - ekki hafið eða engin gögn liggja fyrir

[Gæðaviðmiðin byggja á gæðaviðmiðum MMS frá nóvember 2022 en hafa verið lítillega aðlöguð að stefnu skólans.](#)

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli. Umbótaáætlun er burðarvirki kerfisbundinna umbóta í hverjum skóla. Umbótaáætlun við lok skólaárs leggur grunninn að starfsáætlun innra matsteymis á næsta skólaári.

Búið er að sameina umbótaáætlun skólaársins sem er að líða og þess næsta inn í sama skjal. Þannig er auðveldara að bera saman umbætur á milli ára.

Gæði skólastarfsins eru að festast verulega í sessi. Enn eru nokkur atriði sem standa út af en þau eru örfá. Starfsfólkið vill halda áfram að finna leiðir til þess að virkja nemendur enn betur. Samkvæmt langtímaáætlun er kominn tími á að leggja grunn að úttekt á IMYC-námskránni til að finna út hvort mögulegt er að standast þær kröfur í þessu námsformi.

Helstu þættir til umbóta eru að skýra betur í gögnum skólans starfshætti um þrepaskiptan stuðning, samstarfsáætlanir utan skólans og uppfæra skólanámskrá og önnur gögn þegar reglur Reykhólahrepps um innritun og útskrift nemenda verða tilbúna og samþykktar frá barna- og menntamálaráðuneytinu.

☰ Umbótaáætlun innra mat - Ásgarðsskóli

Samantekt

Niðurstaðan er að skipulag náms og kennslu er til fyrirmyndar. Skólanámskrá og áætlanir standast allar gæðakröfur og vel það. Aðalnámskrá grunnskóla og Norrænum gæðaviðmiðum er fylgt í hvívetna og sköpun höfð að leiðarljósi í fjölbreyttu og áhugadrifnu námi.

Skólinn starfar kerfisbundið eftir þeim áætlunum sem gerðar hafa verið til að tryggja gæðastarf. Ákvarðanir og breytingar á áætlunum eru lýðræðislegar og fara fyrir alla hlutaðeigandi.

Skólastjórn

Jun 12, 2025

